

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Hörgársveit 29. apríl 2017

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal - 193. mál, þingskjal 264.

Stjórn Hrauns í Öxnadal fagnar þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er lögð fram og lýsir yfir ánægju með þau áform sem þar er lýst enda er um að ræða stuðning við það uppbyggingarstarf sem menningarfélagið hefur staðið að á fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar í Hrauni allt frá árinu 2003.

Frá árinu 1996 hefur þjóðin haldið upp á dag íslenskrar tungu á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember ár hvert með fjölbreyttri dagskrá víða um land. Þann dag eru veitt **Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar** þeim einstaklingum er hafa með sérstökum hætti unnið íslenskri tungu gagn í ræðu eða riti, með skáldskap, fræðistörfum eða kennslu og stuðlað að eflingu hennar, framgangi eða miðlun til nýrrar kynslóðar. Jafnframt verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar hafa verið veittar sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslensks máls. Fer einkar vel á því tileinka fæðingardag Jónasar íslenska tungumálinu að þar sem framlag hans til eflingar og viðhalds þess verður seint fullþakkað.

Hugvísindasvið Háskóla Íslands hefur stofnað til starfs sem kennt er við Jónas Hallgrímsson. Starfið er ætlað rithöfundum sem taka að sér að vinna með nemum í ritlist eitt eða tvö misseri í senn. Tilgangurinn með stöðunni er að heiðra minningu Jónasar Hallgrímssonar og að efla ritlistarnám við Háskóla Íslands.

Að framansögðu er ljóst að Jónas Hallgrímssonar á sér sérstakan stað í hjörtum þjóðarinnar. Með stuðningi hennar til áframhaldandi uppbyggingar í Hrauni í Öxnadal sem menningar-, fræðslu- og rannsóknarseturs er Jónasi sýndur þjóðarsómi líkt og Snorra Sturlusyni í Snorrastofu, Gunnari Gunnarssyni á Skriðuklaustri, Halldóri Laxness á Gljúfrasteini og Þórbergi Þórðarsyni á Þórbergsetri. Án aðkomu ríkisins að rekstri og áframhaldandi uppbyggingu stendur menningarfélagið Hraun í Öxnadal á brauðfótum og það mun, eitt og óstutt, ekki hafa bolmagn til að heiðra arfleifð Jónasar Hallgrímssonar sem honum ber.

Í ár eru liðin 210 ár frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar og fer vel á því að fagna afmæli hans og heiðra minningu hans með stofnun Jónasarseturs í Hrauni í Öxnadal.

Fyrir hönd stjórnar Hrauns í Öxnadal

Hanna Rósa Sveinsdóttir formaður (sign)